

Ísfélag Vestmannaeyja - Þórshöfn
Eyrarvegi 16
680 Þórshöfn

Akureyri, 3. nóvember 2020
UST202003-188/G.S.Á.
08.10.02

**Reglubundið eftirlit hjá fiskimjölsverksmiðju Ísfélag Vestmannaeyja - Þórshöfn
þann 22.10.2020**


Þann 22. október sl. fór fram eftirlit í fiskimjölsverksmiðju Ísfélags Vestmannaeyja á Þórshöfn. Í samræmi við 57. grein reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit sendist meðfylgjandi eftirlitskýrsla.

Engin frávik komu fram við eftirlit en ein ábending var sett fram varðandi uppsöfnun búnaðar innan lekavarnarþróar.

Virðingarfyllst,

G. Stella Árnadóttir

Guðbjörg Stella Árnadóttir
Sérfræðingur



Gottskálk Friðgeirsson

Afrit:
Heilbrigðisnefnd Norðurlands eystra

EFTIRLITSSKÝRSLA

Ísfélag V.eyja Þórshöfn Þórshöfn



Dags eftirlits	22.10.2020	Ábyrgðarmaður eftirlits	Guðbjörg Stella Árnadóttir
Fyrirtæki	Ísfélag V.eyja Þórshöfn	Eftirlitsmaður	Guðbjörg Stella Árnadóttir
Heimili	Eyrarvegur 16	Tegund eftirlits	Reglubundið
Kennitala	6601691219	Flokkur	Fiskimjölsverksmiðja
Fulltrúi fyrirtækis	Rafn Jónsson	ÍSAT nr.	15.20.7
Fulltrúi fyrirtækis	Kristinn Lárusson	Staðsetning	664973,026 638339,856

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Engin frávik komu fram við eftirlit en ein ábending var sett fram varðandi uppsöfnun búnaðar innan lekavarnarþróar.

UMFANG EFTIRLITS

Boðað umfang eftirlitsins var eftirfarandi:

- Farið yfir starfsleyfið og minnt á skil skv. því
- Farið yfir stöðuna frá síðasta eftirliti
- Staða frávikna frá síðasta eftirliti
- Áhættumat til ákvörðunar á tíðni eftirlitsferða.
- Eftirlitsmælingar og skráningar
- Áætlanir og viðbrögð
- Skráning olfugeyma skv. reglugerð nr. 884/2017.

Farið var yfir starfsleyfið og minnt á mælingar og skil skv. 3. kafla. Í síðasta eftirliti, þann 15. október 2019 var útistandandi frávik frá árinu 2017 enn staðfest þar sem úrbætur höfðu ekki gengið eftir. Þeim úrbótum er nú lokið og frávikinu því lokað með fullnægjandi hætti.

Farið var yfir áhættumat vegna tíðni eftirlits frá síðasta eftirliti og það uppfært miðað við núverandi stöðu. Umfang starfseminnar er nokkuð innan hámarks starfsleyfis, eða um 5-600 tonn á sólarhring en starfsleyfið heimilar um 950 tonn á sólarhring með möguleika á aukningu upp í 1.100 tonn skv. bráðabirgðaákvæði. Síldarvertíðin er alla jafna frá ágúst fram í október og loðnan frá febrúar og fram í mars. TVN gildi voru send eftirlitsaðila fyrir yfirstandandi vertíð og voru gildin innan marka starfsleyfis sem eru 100 mg N/100g.

Áætlun um frágang vegna rekstrarstöðvunar, hreinlætisáætlun fyrir gólf verksmiðjuhúss og viðbragðsáætlun vegna mengunaróhappa og bráðamengunar eru allar til staðar í rekstrarhandbók. Viðbragðsáætlun hefur verið uppfærð m.t.t. ábendinga í síðasta eftirliti og send eftirlitsaðila með tölvupósti.

Mæla skal ástand frárennslis m.t.t. fitu, svifefna og COD í frárennslis árlega og annað sjaldnar. Síðasta mæling var gerð í október sl. og voru öll gildi innan marka ákvæðum starfsleyfis. Mælingar ryks í útblæstri hafa verið endurreiknaðar í skýrslu rekstraraðila frá árinu 2019, skv. breytingu á starfsleyfi sem gerðar voru af Umhverfisstofnun í mars sl. þar sem viðmiðum fyrir súrefnisprösentu í olfubrennara var breytt úr 3% og yfir í 9%. Reyndust gildin þá vera innan marka starfsleyfis eða undir 100 mg/Nm³. Verksmiðjan er öll tölvustýrð og mikill stöðuleiki því á keyrslunni. Gufukatlar eru keyrðir á endurunni olfu en eins og er, er ekki möguleiki á að keyra verksmiðjuna á rafmagni. Rekstraraðili kaupir olfur um lögn frá Olfudreifingu, sem er á ábyrgð söluaðila og er einungis með daggeymi á sinni lóð ásamt lögn inn að kötlum. Þessi búnaður er allur ofanjarðar.

Allt frárennslis er tengd olfuskiptu sem staðsett er utan lekavarnarþróar og var skiljan síðast tæmd í september sl. Úrgangsolía, sem safnað er á tanka við ketilhús, er sótt reglulega af Hreinsitækni.

Pappi, plast og járn er flokkað frá almennum úrgangi og komið til úrgangsmóttökustöðvar sveitarfélagsins. Sama á við um spilliefni s.s. rafgeyma. Fjölnota mjólpokar eru notaðir í verksmiðjunni sem sparar umtalsverðan úrgang frá vinnslunni.

Skýrslur um grænt bókhald og útstreymisbókhald bærust á réttum tíma, eða fyrir 1. maí sl.

Allir geymar voru þykktarmældir árið 2018 og útskipunarlögn fyrir lýsi var þrýstiprófuð árið 2019. Minnt er á að þykktarmæla þarf alla olíu og lýsisgeyma á 10 ára fresti og þrýstiprófa niðurgrafnar olíu- og lýsislagnir á 5 ára fresti skv. reglugerð um varnir gegn olíumengun frá starfsemi á landi nr. 884/2017. Öryggisblöð skv. gr. 2.24 í starfsleyfi eru á starfsstöðvum.

Engar kvartanir hafa borist til rekstraraðila né eftirlitsaðila frá síðasta eftirliti og engin mengunaróhöpp hafa orðið.

Gengið var um verksmiðjuna og hún skoðuð ásamt lóð, lekavarnarþró og löndunarbyggju. Loki í lekavarnarþró stóð lokaður og voru vatnspollar í þrónni eftir rigningar síðustu daga. Bent er á að ekki skuli geyma búnað innan þróar sem tengist henni ekki með beinum hætti en sjá mátti löndunarlagnir og annan búnað innan þróar.

ÁBENDINGAR

Ein ábending var sett fram við eftirlit er varðar að ekki skuli geyma búnað innan lekavarnarþróar sem tengist henni ekki með beinum hætti en sjá mátti löndunarlagnir og annan búnað innan þróar.


ANNAD

Minnt var á umhverfisábyrgð skv. gr. 1.10 í starfsleyfi.

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Ábending: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.

Reykjavík, 03.11.2020



Guðbjörg Stella Arnadóttir